



**30. fundur Heimastjórnar Seyðisfjarðar  
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Seyðisfirði, fimmtudaginn 5. janúar  
2023  
og hófst hann kl. 14:00**

**Fundinn sátu:**

Björg Eyþórsdóttir formaður, Jón Halldór Guðmundsson aðalmaður, Margrét Guðjónsdóttir aðalmaður og Dagný Erla Ómarsdóttir fulltrúi sveitarstjóra.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Erla Ómarsdóttir, fulltrúi sveitarstjóra

Í upphafi fundar var borin upp tillaga um að bæta lið 5 við dagskrá fundarins og var það samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

**1. 202301014 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Seyðisfirði**

Fyrir liggur skýrsla fráfarandi fulltrúa Seyðisfjarðar, frá Aðalheiði Borgþórsdóttur, sem gerði grein fyrir þeim verkefnum sem eru í vinnslu. Aðalheiður tók þátt í fundinum á Teams.

Heimastjórn þakkar Aðalheiði greinargóða yfirferð, fyrir farsælt samstarf og óskar henni góðs gengis í áframhaldandi störfum hjá Múlaþingi.

**Gestir**

Aðalheiður Borgþórsdóttir - 14:00

**2. 202301015 - Snjómokstur á Seyðisfirði**

Á fundinn undir þessum lið mættu Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri og Sveinn Ágúst Þórsson, verkstjóri þjónustumiðstöðvar á Seyðisfirði til að ræða snjómokstur á Seyðisfirði. Farið var yfir stöðu mála undanfarnar vikur og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar varðandi bættan snjómokstur m.a. með auknum tækjakosti. Einnig kynntu þau fyrir heimastjórn uppfært snjómoksturskort sem er aðgengilegt á vef Múlaþings.

Heimastjórn þakkar Hugrúnu og Sveini fyrir greinargóðar upplýsingar.

Samþykkt samhljóða.

**Gestir**

Sveinn Ágúst Þórsson - 14:40

Hugrún Hjálmarsdóttir - 14:40



### 3. 202212175 - Stöðuleyfi og meðferð slíkra mála

Heimastjórn tekur til umræðu stöðuleyfi lausamuna og hvaða verkferlar gilda um slík mál.

Á fundinn undir þessum lið mættu Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfisstjóri og Sveinn Ágúst Þórsson, verkstjóri Þjónustumiðstöðvar á Seyðisfirði. Áformað er hjá Umhverfis- og framkvæmdasviði að gera verklagsreglur fyrir Múlaping er varða þessi mál.

Heimastjórn þakkar Hugrónu og Sveini fyrir greinargóða yfirferð.

Samþykkt samhljóða.

#### Gestir

Hugrún Hjálmarsdóttir - 15:30

Sveinn Ágúst Þórsson - 15:30

### 4. 202210141 - Húsnæðisáætlun Múlapingis, endurskoðun fyrir 2023

Fyrir liggja drög að endurskoðaðri 10 ára húsnæðisáætlun Múlapingis fyrir árið 2023.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 19.12. 2022: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að húsnæðisáætlun Múlapingis og vísar henni til kynningar hjá heimastjórnnum og staðfestingar hjá sveitarstjórn.

Heimastjórn beinir því til starfsmanns heimastjórnar að uppfæra textann um atvinnulíf á Seyðisfirði í samræmi við umræður á fundinum og skila til viðeigandi aðila.

Afgreiðslu frestað þar til gögn hafa borist.

### 5. 202208012 - Fjarðarheiðargöng

Heimastjórn bendir á að nú liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við Fjarðarheiðargöng. Íbúar eru hvattir til að kynna sér álitid, umsagnir og svör Vegagerðarinnar á [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00**

